

ÁHERSLUVERKEFNI Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2024

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál (dags. 2024)

Heiti verkefnisins	Endurútgáfa bókar um Reykjanes
Númer verkefnis ¹	2024-3
Markmið hámark 40 orð	Að efla ímynd Reykjanessins meðal íbúa, Íslendinga og gesta.
Stutt verkefnislýsing hámark 250 orð (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Verkefnið miðar að endurútgáfu ljósmyndabókar um Reykjanesið sem endurspeglar fjölbreytta mynd af samfélagi og náttúru svæðisins.</p> <p>Staðfærsla svæðisins eru einkunnarorð verkefnisins: <i>Reykjanes er lífæð landsins þar sem ægífegurð fylgir þér við hvert fótmál.</i></p> <p>Um er að ræða veglega bók um Reykjanes þar sem finna má fjölda ljósmynda af einstökum Reykjanesskaganum og tilvísanir í menningu og sögu þessa landshluta sem kalla má hliðið inn í landið.</p> <p>Reykjanesið er UNESCO Global Geopark og því einstakt svæði á heimsvísu en þar rís Mið-Atlantshafshryggurinn úr sæ en á fáum stöðum í heiminum er hægt að skoða sprungumyndanir sem eru jafn lýsandi fyrir gliðnun milli jarðskorpufleka þar sem skiljast að Ameríka og Evrópa.</p> <p>Í bókinni er ætlunin að tvinna saman náttúru og landslagi, menningu og fólki sem og nýsköpun og atvinnu til að gefa nokkra mynd af þessu samfélagi suður með sjó. Landslagið er eldbrunnið og hrjóstrugt við fyrstu sín og hefur því verið líkt við tunglið, gott ef æfingar fyrir tunglgönguna hafi ekki farið fram þar, en þegar betur er að gáð birtist ægífegurð skagans sem er einstök í hrikaleik sínum. Má þar nefna íðilgræna sprungugíga, mosaheiðar, hverasinfóníu og leiraugu þar sem orkan kraumar í iðrum jarðar enda er Reykjanesið háhitasvæði sem hefur séð Suðunesjamönnum ríkulega fyrir orku. Brimið á Reykjanesi er stórfenglegt þar sem Atlantshafsaldan skellur fyrst á landinu en þó er veðurfar á Reykjanesi með þeim mildari á landinu.</p> <p>Bókin gefur tónlistararfi Suðunesjamanna góð skil en þar eru birtir textar vinsælla dægurlaga allt frá 7. áratuginum og fram til dagsins í dag en þar má nefna Rúnar Júlíusson, Villa vill, Jóhann Helgason, Valdimar og Of Monsters and Men. Einnig eru birtir textar eftir þekkt skáld sem tengjast Reykjanesi á einn eða annan hátt og má þar nefna ljóðskáldið Stein Steinarr sem starfaði sem vitavörður á Reykjanesvita, elsta vita landsins, um nokkurt skeið, Hannes Sigfússon sem skrifaði bókina Strandið um einn mannskæðasta skipskaða sögunnar við Valahnuúk, Jón Kalman og Guðberg Bergsson auk þess sem segja má að þar hafi Hallgrímur Pétursson stigið fyrst fram á sviðið sem trúarskáld þegar hann orti um dóttur sína og hjó henni minningarstein á Hvalsnesi.</p>

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

	<p>Ljósmyndirnar eru að mestu leyti teknar af Þránni Kolbeinssyni sem býr í Grindavík og hefur honum tekist að gefa okkur nýja sýn á Reykjanes. Þeim ætlað að gefa fjölbreytta mynd af samfélagi og náttúru sem á sér engan líka. Lögð var áhersla á að gefa mynd af samspili manns og náttúru og hvernig það samtal verður til hvort sem það er á brimbretti í öldunum út af Grindavík, sjósund við sólsetur á Garðskaga, kajak á Kleifarvatni eða dýfa í djúpan hyl á heitum sumardegi.</p> <p>Um er að ræða metnaðarfullt bókverk sem kemur til með að nýtast til jákvæðrar ímyndasköpunar, styrkja staðaranda svæðisins á þessum tíma áskorana og nýjum veruleika sem miðar að því að vinna með þeim jarðhræringum sem eiga sér stað á svæðinu.</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir)	Verkefnið um útgáfu bókar snertir einna helst menningarmál en innihald bókarinnar kemur inn á markaðs- og ímyndamál sveitarfélaga, atvinnulífs og umhverfisins. <ul style="list-style-type: none"> • Menning og ferðaþjónusta. Menningar- og viðskiptaráðuneyti • Sveitarfélög og innviðir. Innviðaráðuneyti • Umhverfismál. Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Reykjaness
Samstarfsaðilar	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Reykjanes jarðvangur og sveitarfélögin á Suðurnesjum
Árangursmælikvarðar	Fjöldi mynda / uppfærðar myndir / nýjar myndir Uppfærður texti / nýr texti Prentuð og útgefin bók Sala bókar eða fjöldi gjafa
Lokafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Útgefin bók Myndir í myndabanka svæðisins
Upphaf og lok verkefnis	01.01-31.12.2024
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	12.000.000,-
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2024 og á hverju ári eftir það, ef við á)	9.000.000,-
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Sóknaráætlun Suðurnesja Áfangastaðaáætlun Reykjaness